
Hönnunarsýning Félags íslenskra teiknara opnaði um helgina og gefur innsýn í heim nytjahluta, framleiðslu, sölu og þjónustu. Sýningin sviptir hulu af gleymdum listamönnum og glötuðum arfi.

Fjallkonan eða útlönd?

Sýningin opnaði á föstudagskvöldið í Listasafni Reykjavíkur. Hun er sett upp af látleysi og einfaldleika með tískusniði minimalismans, en hefur kostað mikla vinnu, fjármuni og eftirgrennslan. Sýningin byggist á áhuga og elju safnara sem hafa varðveitt það sem aðrir hafa forsmáð.

Sýningarstjórarnir, Snæfríð Þorsteins og Guðmundur Oddur, hafa skipt með sér verkum: Snæfríð sá um sýninguna en Goddur ritstýrir sýningarskrá sem væntaleg er er líður á sýningartímann en sýningin stendur til áramóta.

Sýningin er í geilum, fyrirferðarmiklar eru útgáfur hins opinbera: frímerki og seðlar, skjaldarmerkjadeildin með merkjum sveitarstjórna og félaga sem annars eru ekki greind, ekki eru einu sinni skýrðar meginreglur sem liggja til grundvallar opinberum táknum á borð við merki, seðil eða frímerki. Að auki eru þarna umbúðir, prentverk, plaggöt, lausaprent, auglýsingar á blaði og filmu, allt sem teiknarar hafa komið nálægt.



Dósamiðar *eftir Atla Má fyrir ORA hverjir muna ekki líka eftir Blönduði grænmeti frá sama tíma.*

Verulega skorti á skýringar með sýningunni, upplýsingar um hverja deild og er það til vansa: en að baki slíku verður að búa rannsóknarvinna um hin ólíku form: hún hefur ekki farið fram.

Fyrir hvern er sýningin?

Vitaskuld má í sýningarformi rekja söguna skýringalaust en ekki er mikið gagn af því. Upplýsingar um sýningargripi eru býsna litlar. Sýningarstjórar ítreka að sýningunni er ekki ætlað að gefa nema takmarkað yfirlit. Þau segja skorta verulega á varðveislu. Í söfn hins opinbera vanti nytjahluti, framleiðendur hafi ekki hirt um varðveislueintök, hönnuðir og teiknarar trassað að geyma verk sín.

Sýningin ætti því að vera okkur viðvörun þegar svo er komið að saga okkar í þessum efnum er glötuð, týnd að stóru, ættum við að setja okkur nýjar varðveislureglur. Þetta er jú mikilvæg saga sem falin er í lausaprenti, umbúðum, auglýsingum og þess háttar.



Rafskinnuauglýsing *frá 1954 flettiskilti er setti svip sinn á miðbæ Reykjavíkur í mörg ár, rétt eins og nú.*

Það vekur athygli að Hönnunarsafnið skuli ekki vera opinber þáttakandi í sýningunni. Ekki hefur verið sótt í héraðssöfn né Þjóðminjasafn. Ekkert er af gripum úr Ásbúðarsafni Andresar Johnsen sem er þá stærst og elst safna sem þessi sýning ætti að byggja á.

Fjallkonan fyrst

Forráðamenn hafa sett fram kenningar um þróun hönnunar hér á landi sem lýtur að miðju í táknhugsun sem komi til með sjálfstæðisbaráttu. Þjóðleg tákn verði kjarni og er það rakið til 1874, fjallkonuplaggats Benedikts Gröndal, frekar en konseptsvinnu Sigurðar málara fyrir þjóðhátíðina 1874 sem hannaði bæði hátíðarsvæðið, skilti þar með talin, bjó til nýjan kvenbúning, gerði valinn að tákni og valdi heiðbláa litinn sem táknlit okkar. Það bætist alltaf meir á Sigga séní – er hann upphafsmaður hönnunarhugsunar þjóðarinnar ofan á allt annað. Er það ekki hann frekar en Gröndal sem er sterkasta hnitið í þessu upphafi?

Forgöngumenn

En er ekki sterkari sveipur í táknhugsun aldamótanna hin erlendu áhrif? Að setja sig niður með öðrum? Þegar Bjarni frá Vogi starfar sem verslunarerindreki fyrir landstjórnina og gefur út rit sitt um atvinnulíf á Íslandi 1914 virðast menn fyrst og fremst hafa áhuga á að sýna sig sem þáttakendur í alþjóðlegum viðskiptum.

Er ekki orðið tímabært að endurskoða hugmyndina um þjóðerni sem kjarna í hugsun samfélagsins fram að kalda stríði, finna annan hól?

Menntuðum mönnum fer ekki að fjölga í grein teiknara fyrr en á fjórða áratugnum: Tryggvi Magnússon, Jörundur Pálsson , systkinin Halldór Pétursson og Ágústa, Atli Már, Ásgeir Júlíusson og Stefán Jónsson, flest þeirra sóttu þjálfun til Danmerkur. En ekkert þeirra hefði fengið vinnu ef Ólafur Hvanndal, skútusjómaður og trésmiður, hefði ekki lagt fyrir sig glerskiltagerð og teikningu í Höfn 1907, fullnumað sig síðar í mótagerð í Höfn og hjá Brockhaus í Leipzig, komið hingað heim og stofnað myndamótagerð 1919. Hann var einn á þeim markaði til 1927, ráðandi allt til 1949 þegar hann gaf allt sitt mótasafn Landsbókasafni. Hvar er það nú?

Mótin eru fyrst

Það er nefnilega þannig í samtvinnun prentsins og teikningarinnar að setjarinn teiknaði ekki íður lengi framan af, þó teiknarar vilji síður kannast við það nú. Teiknarar fengu engin tækifæri til að komast inn á íslenskan markað fyrr en ótin voru komin til, framþróun hönnunar hélt hönd í hönd við framfarir í prentmyndagerð. Félag teiknara var leitt á fund við þjóðina af mönnum úr prentarastétt eins og Ólafi, Helga Guðmundssyni, Eymundi Magnússyni svo örfá nöfn séu nefnd.

Útlitshönnun prentgripa var ekki síður í höndum prentara: Hafsteinn Guðmundsson hefði ekki orðið til án Hallbjarnar Halldórssonar og strangrar grafískrar menntar: formhugsun og táknhugsun lá ekki síður í fleti og umbroti en stökum táknmyndum vöru og þjónustu. Og hvar vorum við þar?

Nútíminn bankar upp

Önnur kenning sýningarstjóranna er sú að stutt dvöl Dieter Roth hafi breytt miklu fyrir aðkomu nýrra hugmynda í hönnun. Breytti hún svo miklu? Eru það ströng prinsipp sem Dieter setti fram 1958 og einkenndu verk hans sjálfs ekki með öllu einangrað fyrirbæri sem í baksýnisspeglunum eru vegna frægðar hans í dag sett í eitthvað óskhyggjubað? Áhrif Dieter í fleiri greinum hafa mér virst stórlega ofmetin, rétt eins og íslenskir myndlistarmenn hafi bara ekkert fylgst með.



Birtingur 1959 *Eru áhrif Roth á prenthönnun á Íslandi stórlega ofmetin?*

Hvað með þær tilraunir í útliti sem finna má finna víða um 1930 þar sem formhugsun er farin að bera sterk módernísk einkenni til dæmis á kápum *Í austurvegi* og *Alþjóðamál og málleysur* Þórbergs. Hvaða módernismi var það?

Sannast sagna

Hönnunarsýningin er skemmtilegt en fáskrúðugt yfirlit um mikilvægan og merkilegan þátt í lífi þjóðarinnar. Hún er vísir á að mikið vanti á í rannsóknum, heimildasöfnun og skráningu á þessu sviði menningar okkar. Mjór en mikils vísir.

Félag íslenskra teiknara á þakkir skildar fyrir að hafa sett það starf að mestu leiti í gang. Sýningin mun njóta almenningshylli og snerta við minni og gleymsku almennings um svið sem skiptir æ meira máli í nútíð og framtíð en fortíð. Svið sem teygir anga sína um allt líf okkar og skynjun og er því rannsóknar virðir, bæði í nútíð og fortíð.

Gaman verður að sjá sýningarskrána þegar hún birtist. Sýningin sjálf er góð byrjun á starfi sem verður að halda áfram og magnast. Um sögu íslenskrar hönnunar verðum við að vita miklu, miklu meira. Næsta sýning um það efni verður að vera fljótt, verður að vera stærri og miklu miklu betri.

pbb@dv.is

Meira um óperur. Lars von Trier átti að setja Niflungahringinn upp í Bayreuth 2006 og hafði **Karl Júlíusson** tekið að sér leikmynd. Svo hætti Lars við og nýlega var tilkynnt hver kæmi í hans stað. En fylgir Kalli með í kaupunum?

Aldinn þýskur leikstjóri færir Niflungahringinn inn í 21. öldina

Loksins er fundinn maður til að taka að sér sviðsetningu á Niflungahringnum fyrir Bayreuth 2006. Eins og kunnugt er hafði Lars von Trier tekið verkið að sér og ráðið Karl Júlíusson til að gera leikmynd fyrir óperurnar fjórar. Var undirbúningur hafinn fyrir þetta tröllaukna verkefni en allur hringurinn er stærsta verkefni sem nokkuð óperuhús getur ráðist í.

Bayreuth-hátíðin er æðstahof í flutningi á verkum Wagners í heiminum og þar á bæ standa menn fyrir sýningum á sumri hverju. Þetta er tæknivæddasta leikhús í Evrópu og aðsókn að sýningum á hátíðinni er slík að miðar eru seldir mörg ár fram í tímann.

Héðan frá Íslandi hefur á hverju ári farið stór hópur Wagner-aðdáenda, en félag þeirra nýtur sérstakrar velvildar þar eftir heimsókn Wolfgangs Wagner dóttursonar tónskáldsins hingað til lands fyrir nokkrum árum.

Íslenski tengillinn.

Þá hefur rit Árna Björnssonar um íslenskar heimildir að baki Niflungahring Wagners vakið athygli, en Árni sýnir fram á að Wagner hefur notað forna íslenska texta við samningu verksins, meira en menn grunaði.

Það var því mikið tilhlökkunarefni að Lars skyldi velja samstarfsmann sinn frá því í *Breaking the waves* Karl Júlíusson til að koma að næstu sviðsetningu Hringsins, sem er settur upp í nýjum gerðum með reglulegu árabili. En Lars gaf verkið frá sér í júní og hefur síðan verið leitað leitandi ljósi að nýjum leikstjóra. Tíminn er naumur, ný sviðsetning er nokkur ár í undirbúningi.

Tankred Dorst

Það verður þýska leikskáldið Tankred Dorst sem fær það vandasama verkefni að setja næsta hring á svið. Hann er virtur maður í menningarheimi Evrópu, afkastamikið leikskáld og forvígismaður í menningarelítu hins þýskumælandi heims. En hann er 78 ára og óttast margir að þessi biti, sá stærsti sem hann hefur tekið gangi frá honum en hann er nýkominn úr mjaðmaraðgerð. Dorst hefur enga reynslu sem óperuleikstjóri en hefur lengi haft áhuga á goðaefni. Stærsta verk hans er um Merlín galdramann.

Kalli Júl mun því ekki setja mark sitt á sögu sviðsetninga Niflungahringsins í Bayreuth - að sinni.



Karl Júlíusson *Missir af verkefni sem hefði hent honum vel.*